

Mál nr. 483/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar H

Þakplötur fuku af þaki húss og lentu á hjólhýsi og ollu tjóni þ. 10.4.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. ásamt fylgiskjöllum
2. Bréf V dags. 17.12.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-12.

Málsatvik.

Mikinn vind gerði á suð-vesturhluta landsins þar á meðal Akranesi þ.10.4.2011 þegar umrætt tjón varð. Um kl. 17 þann dag fuku þakplötur af fasteigninni H og lentu á hjólhýsi M og ollu tjóni á því. M krefst bóta og telur sig ekki eiga að greiða sjálfsábyrgð vegna tjónsins og telur að ábyrgðartrygginga húseignarinnar H eigi að bæta tjónið. M segir að ekkert aftakaveður hafi verið þegar tjónsatburðurinn átti sér stað en þakklæðning á H hafi verið fúin og laus frá grind og engir lausamunir hafi verið að fjúka þegar þetta gerðist. M hafnar bótaskyldu úr ábyrgðarlið húseigendatryggingar eiganda H, en tjón M er bætt úr vagnatryggingu M, en M telur sig eiga að fá fuller bætur eins og að framan greinir úr ábyrgðartryggingu H. V telur að eigandi H sé ekki skaðabótaskyldur vegna tjónsins. Vonskuveður hafi verið og vindhviður við höfnina á Akranesi hafi farið í 27-40 m á sekúndu á milli kl. 14 og 17 tjónsdaginn. Eigandi H segist ekki hafa vitað til að þakið væri svo illa farið að hætta stafaði af því. V telur ekki unnt að fullyrða að fokið megi rekja til bágborins ástands þaks. V hafnar því að úrskurðarnefnd fjalli um ágreining um fjárhæð bóta og vísar til 3.gr. samþykktu Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum í því sambandi.

Álit.

Af gögnum Veðurstofu sem lögð hafa verið fram liggur fyrir að mjög hvasst var umræddan dag. Ekki liggja fyrir gögn um vanbúnað á þaki H eða sá vanbúnaður hafi hann verið fyrir hendi hafi ollið því að þakplötur fuku af H. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V. Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum hefur ekki heimild til að úrskurða um bótafjárhæðir nema með samþykki beggja aðila sbr. 3 samþykktu Úrskurðarnefndarinnar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 15.1.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.